

Úrskurðarnefnd útboðsmála
Arnarhváli
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2016

Kæra vegna ákvörðunar Hafnarfjarðarbæjar um að ganga til samninga við STH teiknistofu ehf. og Landmótun ehf. um hönnun og ráðgjöf fyrir hjúkrunarheimili Sólvangi, Hafnarfirði.

Kærandi:

Úti og inni sf., kt.430289-1529, Þingholtsstræti 27, Reykjavík.
Fyrirsvarsmaður er Baldur Ó. Svavarsson framkvæmdastjóri, baldur@ui.is
Landform ehf., kt.641097-2259, Austurvegi 6, Selfossi.
Fyrirsvarsmaður er Oddur Þ. Hermannsson, framkvæmdastjóri.

Kærði/varnaraðili:

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt.590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarfirði.
Fyrirsvarsmaður er Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri.

Hin kærða ákvörðun:

Fyrir hönd Úti og inni sf. og Landform ehf. kærir undirritaður hér með þá ákvörðun Hafnarfjarðarbæjar að ganga til samninga við STH teiknistofuna ehf. og Landmótun ehf. um hönnun og ráðgjöf fyrir hjúkrunarheimili Sólvangi, Hafnarfirði en tilkynnt var um þá ákvörðun með tölvupósti til þátttakenda í útboðinu þann 16. febrúar 2016.

Kröfur kæranda:

Þess er krafist að samningsgerð Hafnarfjarðarkaupstaðar við STH teiknistofuna ehf. og Landmótun ehf. verði stöðvuð.

Þá er þess krafist að felld verði úr gildi ákvörðun Hafnarfjarðarkaupstaðar um að leita samninga við STH teiknistofuna ehf. og Landmótun ehf.

Þá er þess óskað að nefndin láti í ljós álit sitt á skaðabótaskyldu Hafnarfjarðarkaupstaðar gagnvart kæranda.

Þá er þess krafist að kæranda verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Málsatvik:

Kærandinn Úti og inni sf. er arkitektastofa í Reykjavík og hefur starfað á því sviði um áratugaskeið. Eigendur og starfsmenn stofunnar hafa mjög umfangsmikla reynslu af

hönnun flókinna mannvirkja og hafa annast slík verkefni fyrir ríkið, fjölda sveitarfélaga, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga.

Kærandinn Landform ehf. er landslagsarkitektastofa sem starfað hefur á því sviði um langt árabil. Eigendur og starfsmenn stofunnar hafa mjög umfangsmikla reynslu af landslagshönnun og skipulagningu lóða og hafa annast slík verkefni fyrir fjölda aðila.

Á árinu 2013 varð kærandi Úti og inni sf. hlutskarpastur í útboði Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna hönnunar á hjúkrunarheimili í Skarðshlíð í Hafnarfirði. Eftir að hönnun þess verkefnis var lokið tók Hafnarfjarðarkaupstaður þá ákvörðun að byggja ekki hjúkrunarheimili á þeim stað heldur var tekin ákvörðun um að byggja slíka byggingu á Sólvangi í Hafnarfirði.

Í nóvember 2015 auglýsti Hafnarfjarðarkaupstaður nýtt útboð sem kallast „Hönnun og ráðgjöf fyrir hjúkrunarheimili Sólvangi.“¹ Móttaka tilboða var auglýst þriðjudaginn 12. janúar 2016, kl. 14.00.

Kærandi skilaði inn tilboði í verkið. Tilboðinu var skilað í tveimur umslögum, annars vegar upplýsingum um hæfi vegna þeirra krafna sem fólust í útboðinu og hins vegar tilboðinu sjálfu sem skilað var í öðru umslagi.

Þriðjudaginn 19. janúar voru lögð fram tilboð í verkið á skrifstofu umhverfis- og skipulagshjónustu Hafnarfjarðarkaupstaðar að Norðurhelli 2, Hafnarfirði. Þar var um að ræða fyrri hluta útboðsins, skilagögn og upplýsingar um bjóðendur. Þar var upplýst að alls bárust 13 tilboð í verkið. Á fundi þann 28. janúar 2016 var síðan boðað til fundar á sama stað þar sem opnuð voru verðtilboð frá bjóðendunum 13. Í ljós kom að lægsta boð átti STH teiknistofan ehf. og Landmótun ehf. kr. 27.750.000 en kærandi Úti og inni sf. og Landform ehf. áttu næst lægsta boðið kr. 37.149.255.-. Önnur tilboð voru flest umtalsvert hærri. Kostnaðaráætlun nam kr. 50.000.000.-.

Með tölvupósti þann 16. febrúar sl. var þeim sem sent höfði inn tilboð í verkið tilkynnt að ákveðið hefði verið að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

Í útboðsgögnum voru sett fram ýmis þau skilyrði sem tilboðsgjafar skyldu uppfylla.

Þannig var í lið 1.3.5.1 tekið fram að hönnunarstjóri tilboðsgjafa skuli hafa meira en 5 ára reynslu af verkefnisstjórnun, sem tekur til hönnunar hliðstæðra mannvirkja, það er hafi hannað a.m.k. byggingar í flokki 5 og 6, samkvæmt tímatöflum frá Framkvæmdasýslu ríkisins, gerð er lágmarkskrafa um hönnun á 1000 fermetra húsnæði, þannig að það að hafa hannað einbýlishús, uppfyllir ekki kröfur.

Ekki fylgdi útboðsgögnum neitt skjal með þessu heiti „Tímatöflur frá Framkvæmdasýslu ríkisins“. Hins vegar var á meðal þeirra gagna sem send voru tilboðsgjöfum skjal sem heitir „Leiðbeiningar um samningsgerð“ sem er íslensk þýðing á ritinu Kontraheringsveileder, sem er gefið út af Norges Pratiserende Arkitekter. Ritað var þýtt

¹ <http://www.hafnarfjordur.is/media/auglysingar/Hjukrunarheimili-Utbodsgogn-27-11-2015-lok.pdf>

á íslensku af Félagi sjálfstætt starfandi arkitekta (FSSA). Á bls. 50 og 51 er undir fyrirsögninni *Tímatöflur* að finna leiðbeiningar um það hve mikinn tíma arkitektar nota hvað varðar mismunandi tegundir bygginga. Þar er meðal annars að finna sundurliðun byggingartegunda í 6 flokka eftir því hversu flókin og tímafrek hönnunarvinna er við tiltekna tegundir verkefna. Þar má m.a. sjá að í 1. flokki eru tilgreindar byggingar s.s. einföld vörugeymsla, einfalt framleiðslurými og bílageymsla. Í 2. flokki er tilgreint t.d. vörugeymsla, iðnaðarbygging, verkstæði. Í 3. flokki er tilgreint t.d. háþróaður iðnaður, íbúðarhúsnæði, matvælaframleiðsla, vöruhús. Í 4. flokki eru nefnd íþróttamannvirki, skrifstofuhúsnæði, raðhús, gistiheimili. Í 5. flokki eru tilgreindar sundlaugar, skólar, kennslurými, hótél, hjúkrunarheimili, kirkja, bálfararstofa, rannsóknarstofuhúsnæði, þjónustuhúsnæði, heilsugæslustöðvar, einbýlishús. Í 6. flokki eru tilgreind lyfjaframleiðsla/hreinrými, menningarhús, söfn, sjúkrahús.

Þetta skjal var unnið á grundvelli upplýsinga frá arkitektastofum í Noregi og byggir á reynslu þeirra af því hversu flókin, erfið og tímafrek hönnunarvinna er við mismunandi tegundir húsnæðis. Allar upplýsingar í skjalinu miðast við nám, þekkingu og reynslu arkitekta, en arkitektar eru með meistarapróf í sínu fagi. Nám í byggingafræði er BS nám.

Allir tilboðsgjafar í þá þætti er varða hönnun hjúkrunarheimilisins utan STH teiknistofan ehf. eru arkitektastofur og fellur starfsemi þeirra því að þeim ramma sem dreginn er í útboðsgögnum með vísan til ofangreindra flokkunar. Starfsmenn STH teiknistofu er byggingafræðingar ekki arkitektar.

Rökstuðningur fyrir kæru:

Kærandi telur að Hafnarfjarðarkaupstað hafi ekki verið heimilt að taka tilboð STH teiknistofunnar ehf. til greina í útboðinu þar sem sá tilboðsgjafi uppfylli ekki skilyrði þau sem sett voru í útboðinu samkvæmt skilmálum þess. Kærandi byggir á því að tilboð STH Teiknistofunnar ehf. uppfylli ekki það skilyrði sem sett var í útboðinu í gr. 1.3.5.1 útboðsskilmálanna um að hönnunarstjóri tilboðsgjafa skuli hafa meira en 5 ára reynslu af verkefnisstjórnun, sem tekur til hönnunar hliðstæðra mannvirkja, það er hafi hannað a.m.k. byggingar í flokki 5 og 6. Þannig hafi Teiknistofan STH eða starfsmenn hennar ekki á sl. fimm árum stýrt verkefnum þar sem hönnuð var sundlaug, skóli, kennslurými, hótél, hjúkrunarheimili, kirkja, bálfararstofa, rannsóknarstofuhúsnæði, þjónustuhúsnæði, heilsugæslustöð, húsnæði til lyfjaframleiðsla/hreinrými, menningarhús, safn eða sjúkrahús. Í útboðinu sé reynsla af slíkum verkefnum gerð að skilyrði. Kærandi telur að þar sem þetta ófrávíkjanlega skilyrði útboðsins um hæfi tilboðsgjafa sé ekki uppfyllt af hálfu lægst bjóðanda þá sé Hafnarfjarðarkaupstað óheimilt að taka tilboð þess aðila til greina og ganga til samninga á grundvelli tilboðsins.

Kærandi bendir á að sambærileg skilyrði hafi verið að finna í útboðslýsingu fyrir hjúkrunarheimili sem rísa átti í Skarðshlíð, Hafnarfirði, en hönnun þess var boðin út árið 2013, sbr. það sem að ofan greinir. Í gr. 1.3.5.1. þeirrar útboðslýsingar er gert að skilyrði að hönnunarstjóri hafi meira en 7 ára reynslu af verkefnastjórn sem taki til hönnunar hliðstæðra mannvirkja, það er hönnunar sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila. Kærandi telur

augljóst að vísun til flokks 5 og 6 í útboðsskilmálum fyrir hönnun hjúkrunarheimilisins að Sólvangi, sé ætlað að setja sömu skilyrði, þ.e. að hönnunarstjóri hafi hannað sjúkrahús eða hjúkrunarheimili á síðustu 5 árum.

Kærandi telur að starfsmenn Teiknistofunnar STH ehf. hafi ekki þá þekkingu og reynslu sem hið útboðna verkefni og útboðsskilmálarnir gera kröfu um. Fulltrúar Hafnarfjarðarkaupstaðar hafa í samtölum ekki geta vísað í þau verkefni eða þá reynslu af hálfu lægstbjóðanda sem útboðið gerir kröfu um. Vísað hefur verið til hönnunar stórra fjölbýlishúsa en slík hús teljast íbúðarhús sem fellur í flokk 3 skv. þeim skilgreiningum sem lagðar voru til grundvallar í útboðinu.

Málinu er skotið til úrskurðarnefndarinnar með vísan til 93. gr. laga nr. 84/2007 þar sem framganga Hafnarfjarðarkaupstaðar brýtur gegn hagsmunum kæranda, en þeir höfðu lagt inn næst lægsta tilboð í verkið sbr. meðfylgjandi gögn. Kærendur hafa því verulega fjárhagslega hagsmuni af því að fá ákvörðun sveitarfélagsins hnekt.


Kæran er sett fram innan hins lögboðna biðtíma skv. 76. gr. laga 84/2007 og skal þá gerð samings um verkið óheimil sbr. 94. gr. a um réttaráhrif kæru. Krafa um að samningsgerð skuli stöðvuð er sett fram til áréttingar þess.

Hafnarfjarðarkaupstað hefur verið tilkynnt að kærandi muni kæra málið til úrskurðarnefndar kærumála í samræmi við ákvæði 94. gr. laga 84/2007 sbr. meðfylgjandi gögn.

Krafa um að felld verði úr gildi ákvörðun Hafnarfjarðarkaupstaðar í málinu byggir á 1. mgr. 97. gr. laga 84/2007 og krafa um að látið verði í ljós álit á skaðabótaskyldu á 2. mgr. sömu greinar. Krafa um málskostnað byggir á 3. mgr. sama ákvæðis.

Tilkynningar, ákvarðanir og úrskurðir má senda undirrituðum lögmanni með rafrænum hætti á kristjan@fortis.is

Virðingarfyllst,
f.h. Úti og inni sf. og Landform ehf.


Kristján B. Thorlacius hrl.

Meðfylgjandi:

1. Útboðslýsing: Hönnun og ráðgjöf fyrir hjúkrunarheimili Sólvangi, nóvember 2015.
2. Leiðbeiningar um samningsgerð, fylgiskjal 5 með útboðslýsingu: *leiðbeiningarrit FSSA Flokkar*.
3. Afrit af tölvupósti Hafnarfjarðarbæjar um að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda.
4. Afrit af fundargerðum Hafnarfjarðarbæjar vegna útboðsins.

5. Afrit af tölvupósti með fylgiskjöllum útboðsins.
6. Úr útboðslýsingu vegna hönnun og ráðgjöf fyrir hjúkrunarheimili í Skarðshlíð 2103
7. Afrit af samstarfssamningi Úti og Inni sf. og Landforms ehf.
8. Umboð frá Úti og inni sf.
9. Umboð frá Landformi ehf.
10. Afrit af tilkynningu til Hafnarfjarðarkaupstaðar um kæru.
11. Kvittun vegna greiðslu kærugjalds.